

A R S S K Ý R S L A

KÓRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1 9 6 8

Stjórn:

Stjórn KKÍ var þannig skipuð á árinu:

Bogi Þorsteinsson, formaður,
Magnús Björnsson, vara-formaður
Þráinn Scheving Sigurjónsson, féhirðir,
Gunnar Petersen, fundarritari,
Magnús Sigurðsson, bréfritari,
Helgi Sigurðsson, formaður útbr. nefndar,
Jón Eysteinsson, formaður laga- og leikreglnanefndar.

Fastar nefndir starfandi á árinu:

Útbreiðslunefnd:

Helgi Sigurðsson formaður,
Asgeir Guðmundsson,
Sigurður P. Gíslason.

Laga- og leikreglnanefnd:

Jón Eysteinsson, formaður,
Guðmundur Þorsteinsson,
Gunnar Gunnarsson.

Landsliðsnefnd:

Þráinn Scheving Sigurjónsson,
Jón Eysteinsson,
Guðmundur Þorsteinsson.

Landsliðsbjálfari:

Guðmundur Þorsteinsson.

Framkvæmdanefnd Polar Cup:

Magnús Björnsson, formaður,
Helgi Sigurðsson,
Einar Matthíasson.

Stjórnarstörf.

Alls voru haldnir 38 bókaðir stjórnarfundir á árinu, auk fjölmargra nefndafunda og funda með körfuknattleiksnönnum. Eins og jafnan áður, var eitt aðalverkefni stjórnarinnar, að reyna að afla fjar til að standa straum af kostnaði við hina ört vaxandi starfsemi sambandsins.

Íslandsmótið s.l. veturnar var stærra og umfangsmeira heldur en nokkru sinni fyrr. Var nú í fyrsta skipti frá stofnun KKÍ, leikið í I. deild utan Reykjavíkur, en þaði Pór á Akureyri og ÍKF í Ytri-Njarðvík, fengu leiki á heimavelli.

Íslandsmótið var að þessu sinni sett á Akureyri, við hátið-lega athöfn, og er það í fyrsta skipti í sögu körfuknattleiks-ins, sem mótið er sett utan Reykjavíkur.

Framkvæmdastjóri Íslandsmótsins var Guðmundur Þorsteinsson og leysti hann erfitt starf vel af höndum. Talsverð vandræði sköpuðust, svo sem oft áður, vegna hins mikla skorts, sem er á reyndum körfuknattleiksdómurum. Er hér um vandamál að ræða, sem þegar er farið að standa körfuknattleiksíþróttinni fyrir brifum. Það er neyðarlausn að láta pilta úr II. aldursflokkki dæma leiki í I. deild og lítið betra er að leikmenn, skuli dæma hvor annars leiki. Er ekki nema mannlegt, að leikmaður sem dæmir, veiti sérstakar gætur mótherja sínum úr fyrri leik og eigi þá stundum erfitt að gæta fyllsta hlutleysi.

Annað aðalverkefni stjórnar KKÍ á þessu starfsári, var undirbúningur og framkvæmd Polar Cup mótsins, eða Norðurlanda-meistaramótsins í körfuknattleik, sem hāð var í Reykjavík um síðustu páska. Þar sem hér var um að ræða fyrsta Norðurlanda-meistaramót í flokkaíþróttum karla, sem haldið hefir verið hér á landi, þá var ekki hægt að sækja forskriftina um framkvæmd sliks móts til annara, heldur varð framkvæmdaneftir mótsins að ryðja sínar eigin brautir.

Það sem einkum vakti athygli við framkvæmd þessa móts og var sérstaklega ánægjulegt og uppörfandi fyrir stjórn KKÍ, var það, að undantekningarlaust, voru allir þeir mörgu körfuknattleiksmenn, sem leita þurfti til um aðstoð, reiðubúnir að starfa, að framkvæmd og undirbúningi mótsins.

Fyrir alla þá miklu aðstoð vill stjórn KKÍ fára körfuknattleiksnönnum sérstakar þakkir.

Nánar segir frá framkvæmd mótsins í skýrslu P.C. nefndar.

Gjafir, sem KKÍ hafa borist á árinu.

Frá Körfuknattleikssambandi Svíþjóðar: Oddfáni.

Frá Körfuknattleikssambandi Noregs: Áletruō fánastöng með fána.

Frá Körfuknattleikssambandi Finnlands: Fánastöng með fána og útskorin hreinkýr með kálfí.

Frá RAIU Frank B. Stone, Keflavíkurflugvelli: Áletraður körfubolti, en það var einmitt keppnisboltinn úr Polar Cup. Hafði sambandið fengið keppnisbolta lánaðan á Keflavíkurflugvelli, þar sem afgreiðsla á keppnisbolta frá Bandaríkjunum, hafði tafist.

Frá framleiðendum VOIT körfubolta, 3 boltar, sem notaðir voru til æfinga fyrir landsliðið og enn fremur hefir sama fyrirtæki lofað að gefa KKÍ 12 bolta, sem væntanlega verða afhentir innan tíðar.

Hákon Jóhannsson, kaupmaður í verzluninni Sport, Laugavegi 13, Reykjavík, færði öllum liðunum, sem keptu á Polar Cup, sinn boltann hverju að gjöf.

Zinkoff-bikarinn.

Bandaríkjamaðurinn Dave Zinkoff, sendi KKÍ að gjöf, forkunnarfagra styttru af körfuknattleiksmanni, með þeim ummælum, að styttan yrði veitt "besta körfuknattleiksmanni ársins" á leiktimabilinu 1967/68.

Leikmenn I. deildar, voru í lok Íslandsmótsins, látnir velja bezta körfuknattleiksmanninn, með leynglegrí atkvæðagreiðslu.

Birgir Örn Birgis úr Ármanni, sigrði í þeim kosningunum, með talsverðum yfirburðum. Var ánagjulegt að Birgir skyldi verða fyrstur til að hljóta síða viðurkenningu, en Birgir hefir leikið alla landsleiki Íslands í körfuknattleik, nema unglingslandsleiki.

Undanrás í Evrópumeistaramóti landsliða.

Á þingi Evrópu- og Miðjarðarhafsdeildar FIBA, sem haldið var suður á ítalíu í júní s.l., var skipað í riðla í undanrásir EM, sem leiknar verða á árinu 1969. Var Íslandi skipað í þann riðil, sem keppir í Stokkhólmi 9.-13. maí n.k.

Auk Íslands eru landslið þessara þjóða í riðlinum:

Svíþjóðar,
Danmerkur,
Austur-Pýskalands,
Tjekkóslovákíu.

Unglingameistaramót Norðurlanda í körfuknattleik.

Á IV. Körfuknattleiksráðstefnu Norðurlanda, sem haldin var í Reykjavík í sambandi við Polar Cup keppnina s.l. vor, var sambykkt að eína til Unglingameistaramóts Norðurlanda í Körfuknattleik.

Sænska sambandið bauðst til að skipulaggja fyrstu keppnina og mun hún væntanlega verða háð í Svíþjóð á árinu 1969.

Heð tilliti til hins ágæta árangurs, sem varð af þáttöku okkar í EM unglingslandsliða 1963, þá telur stjórn KKÍ, að leggja verði höfuðáherzlu á, að taka þátt í NM unglingslandsliða og væri æskilegt að Ísland gæti verið með í þeirri keppni frá upphafi,

Polar Cup 1970.

Norges Basketballforbund hefir tilkynnt KKÍ, að Polar Cup mótið, verði háð í Oslo dagana 10.-12. apríl 1970.

Pjálfaranámskeið 1969.

Dansk Basketball Forbund hefir tilkynnt, að það muni sjá um næsta norræna pjálfaranámskeiðið og verði það haldið á árinu 1969. Nánar verður tilkynnt síðar, um stað og tíma.

Neitað að viðurkenna Polar Cup.

Eins og venja er, að loknum alþjóðamótum í körfuknattleik, þá voru úrslit leikja á Polar Cup mótinu, send til FIBA og ætlast til að bau yrðu birt í málgagni sambandsins, Basketball International News.

Nú brá svo undarlega við, að KKÍ barst hvassyt bréf frá Mr. Jónes, aðalritara og framkvæmdastjóra FIBA, þar sem sambandinu var tilkynnt að Polar Cup mótið fengist ekki viðurkennt, sem alþjóðlegt mótt, vegna þáttöku Norðmanna, sem ekki hefðu gerzt aðilar að Alþjóðasambandinu, brátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Kostaði petta mál talsverð bréfaskipti og lauk því þannig að allir geta orðið ánægðir, þ.e. Norðmenn gerðust aðilar að FIBA og Polar Cup hlaut viðurkenningu, sem alþjóðlegt körfuknattleiksmót. Einnig bárust stjórn KKÍ hamingjuóskir frá aðalritaranum, þar sem hann gat þess, að sér hefðu borist fregnir af, að framkvæmd mótsins hefði öll verið til fyrir-myndar,

Þess má einnig geta í þessu sambandi, að KKÍ hafa borist bréf frá bæði finnska og sænska sambandinu, þar sem framkvæmd Polar Cup hér í Reykjavík, er talin hafa verið einhver sú besta, frá upphafi.

Úrvvalslið KKRR,

Á síðastliðnum vetrí, lék úrvvalslið KKRR við úrvvalslið af Keflavíkurflugvelli í hinni árlegu keppni um Sendiherrabikarinn, KKÍ sýndi KKÍ þá velvild, að leyfa landsliðinu, að nota pessa leiki, sem æfingaleiki undir Polar Cup mótið. Okkur til mikillar énægju stóð landsliðið sig með miklum ágætum og vann alla sína leiki, Hafnaði Sendiherrabikarinn í annað skiptið í röð í Reykjavík, Stjórn KKÍ kann KKRR hinar boztu þakkir fyrir, að gefa landsliðinu þetta tækifæri til að leika gegn Bandaríkjamönnunum.

KRingar sigurselir,

Körfuknattleiksmenn varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli buðu reykvískum körfuknattleiksþönnum til sérstaks haustmóts, sem héð var á Keflavíkurflugvelli í september og október. Liðin sem léku voru úrvvalslið flotans, úrvvalslið flughersins, ÍRingar, KRingar og sameinað lið KFR og Ármanns.

Á móti þessu sýndu íslandsmeistarar KR talsverða yfirburði og unnu þeir alla sína leiki. Hlutu þeir veglegan verðlaunagrip að sigurlaunum, Ástæða er til að fagna þessu móti, því að fyrir bragðið, voru körfuknattleiksmenn komnir í nokkrá þjálfun þegar Gillette-liðið kom í heimsókn.

Heimsókn körfuknattleiksliðs Gillette Co.

Þann 11. október s.l. var háður í Íþróttahöllinni í Reykjavík kappleikur milli úrvvalsliðs KKÍ og körfuknattleiksliðs Gillette Company í Boston. Gillette liðið var á keppnisferðalagi til Evrópu og Afríku, en þjálfari liðsins, Jim Mc Gregor, sendi formanni KKÍ símskeyti, um að liðið væri reiðubúið til að kappa einn leik á Íslandi, á leið sinni austur um haf, gegn \$500 gjaldi, en liðið greiddi sjálft allan ferökostnáð,

Þar sem engar erlendar heimsóknir höfðu verið ákvæðnar um þetta leyti og vitað var, að lið sem bandarísk stórfyrirtæki senda í súlikar ferðir, eru mjög sterkt, þá ákvað stjórn KKÍ, að taká þessu boði.

Nokkrir áf landsliðsmönnum þeim, sem léku í landsliðinu á Polar Cup-mótinu s.l. vor, voru fjarverandi er leikurinn fór fram, en landsliðsnefnd KKÍ valdi eftirtalda menn í úrvvalsliðið:

Brynjólfur Markússon KR,
Sigurður Thorsteinsen KR,
Agnar Friðriksson ÍR,
Hjörtur Hansson KR,
Birgir Jakobsson ÍR,
Gunnar Gunnarsson KR,

Kolbeinn Pálsson KR,
Kristinn Stefánsson KR,
Ólafur Thorlacius KFR,
Pórir Magnússon KFR,
Sigurður Helgason KFR,
Jón Sigurösson Ármanni,

Leikurinn var mjög harður og skemmtilegur. Úrvalsliðið byrjaði mjög vel og náði 8 stiga forskoti, en er líða tók á-hálfleikinn tókst hinum hávaxnari Bandaríkjumnum að vinna upp forskotið og var staðan í hálfleik 43:37 fyrir Gillette-liðið,

Leiknum lauk með sigri Gillette 100:74 og vorður að telja að árangur så er úrvalsliðið náði, hafi verið mjög athyglisverður. Mun óhætt að fullyrða, að Gillette-liðið hafi verið eitt hvert hið sterkasta, sem íslenzkir körfuknattleiksmenn hafa nokkru sinni leikið gegn.

Stigahæztir af íslenzku piltum voru:

Agnar Friðriksson	22	stig
Birgir Jakobsson	16	"
Kolbeinn Pálsson	15	"
Hjörtur Hansson	16	"

Sparta, Prag í desember.

Eitt af bekktustu félagsliðum Evrópu, Sparta - Prag, sem var Tjekkoslovakiumeistarar á s.l. ári, mun verða á ferö til Bandaríkjanna í desember. Það eru samtökin People to People í Bandaríkjunum, sem skipuleggja þessa ferö og hafa þau boðið KKF, að Sparta leiki einn leik hér í Reykjavík, á leið sinni vestur um haf. Þessu boði hefir verið tekið og mun leikurinn væntanlega fára frá laugardaginn 14, desember.

Sparta mun snúa aftur heim til Tjekkoslovakíu um miðjan janúar og stendur okkur einnig til boða, að liðið leiki hér þá. EKKI hefur ennþá veið tekin afstaða til þessa boðs og mun það algjörlega vera háð, aðsókn að leik liðsins í desember.

Þar sem næstum er útilokað, að bjóða erlendum landsliðum hingað til keppni á jafnréttisgrundvelli, þá eru heimsóknir sem pessi, ómetanlegar fyrir körfuknattleiksmenn okkar, sem annars mundu einangrast í íþrótt sinni.

Heimsóknir úrvalsliða, sem eru á keppnisferöum milli Evrópu og Ameríku, gefa okkur tækifæri til, að reyna kraftana við til-tölulega sterk lið, og gefur sú keppni okkur nokkra hugmynd um, hvar við erum staddir tæknilega séð, á hverjum tíma,

Íþróttamiðstöðin að Laugarvatni.

Að næsta sumri, mun hefjast starfræksla Íþróttamiðstöðvar íSÍ að Laugarvatni. Mun íþróttamiðstöðin verða starfrækt á timabillini frá 5. júlí til 20. september. Héraðssambond og sérsambond gott að þessu tímabili fengið afnot af íþróttamiðstöðinni til æfinga eða námskeiðahalds,

Erlendis, eru íþróttamiðstöðvar sem bessi, taldar vera lyftistöng fyrir allá íþróttafraðslu og sérþjálfun á vegum sér-sambanda í hverri íþróttagrein. Hafa íslenzkir körfuknatt-leiksmenn gist tvær slikar stöðvar, eða Bosön við Stokkhólm og íþróttamiðstöð franska ríkisins í úthverfi Parísar.

Engum sem séð hefir þá starfsemi, sem fram hefir farið á þessum stöðum, mun hafa dulist, að það var einmitt eitt hvað í líkingu við þetta, sem íslenzka íþróttahreyfingu vanteúi. Og nú begar íþróttamiðstöðin á Laugarvatni er tilbúin til starfrækslu, þá verða íþróttafélögin og íþróttamennirnir sjálfir að sýna þann þroska, að kunna að hagnýta sér þá að-stöðu, sem barna skapast.

Stjórn KKÍ telur það vera höfuðnauðsyn fyrir útbreiðslu og tæknilega þróun körfuknattleiksíþróttarinnar, að begar næsta sumar, verði haldið þeidi þjálfara og dómaranámskeið að Laugavatni.

Til þess að slíkt megi takast, þurfa sambandsaðilar að láta í ljósi við stjórn KKÍ, að þeir hafi áhuga á þáttöku í slíku námskeiði. KKÍ þarf að senda umsókn um aðstöðu að Laugavatni fyrir 1. febrúar n.k. Ennfremur krefst slíkt námskeið mikils undirbúnings og þarf jafnvel að fá erlendann þjálfara til að kenna körfuknattleikspjálfun.

Er hér með skorað á alla sambandsaðila, sem áhuga hafa á slíku námskeiði, að hafa samband við útbreiðslunefnd KKÍ, fyrir miðjan janúar næstkomandi.

Starfsskýrsla Laga- og leikreglnanefndar KKF

1967 - 1968,

Í nefndinni áttu sæti:

Jón Eysteinsson, formaður,
Guðmundur Þorsteinsson,
Gunnar Gunnarsson.

Dómaranámskeið og dómarafundir:

Dómaranámskeið var haldið skömmu fyrir íslandsmótið og útskrifuðust þá 8 nýir dómarar. Guðmundur Þorsteinsson var kennari á námskeiði bessu,

Í fyrra veturna fóru þeir Guðmundur Þorsteinsson og Gunnar Gunnarsson til Borgarness og héldu þar dómaranámskeið. Eigi varð af prófum á námskeiði bessu, en skilin voru eftir í Borgarnesi prófverkefni og skyldi prófað eftir þeim.

Fundur var haldinn með starfandi dómurum í Reykjavík á vegum nefndarinnar og KKDÍ. Á fundinum mættu aðeins ll starfandi dómarar og varð árangur hans því ekki eins mikill og efni stóðu til. Á fundi þessum voru reglurnar ræddar og leitast við að samræma túlkun dómara á þeim. Er nauðsynlegt að slíkir fundir verði haldnir reglulega fyrir hvert móti. Atlunin er að halda dómaranámskeið í Reykjavík í október, en það hefur ekki verið haldið er þetta er ritauð.

Polar Cup:

Nefndin ásamt undirnefnd, sem skipuð var í sambandi við Polar Cup, sá um skipun tímaþarda og ritara á alla leiki mótsins, en leiknir voru 10 leikir í mótinu. Voru starfsmenn á vegum nefndarinnar átta talsins og ber að þakka þeim öllum vel unnin störf.

Tveir íslenzkir dómarar dæmdu í mótinu, þeir Ingi Gunnarsson og Marinó Sveinsson og eru þeim færðar sérstakar þákkir fyrir góða frammistöðu.

Í sambandi við Polar Cup var haldin sérstök dómararáðstefna og stjórnaði henni Jón Eysteinsson, formaður Laga- og leikreglnanefndar.

Laugardáginn 13. apríl voru þessir mættir: Leo Ahlbom, Finnlandi, Torbeeb S. Nielsen, Danmörku, Ingi Gunnarsson, Marinó Sveinsson og Jón Eysteinsson, en Sviar og Norðmenn voru þá ekki komnir. Verður nú skýrt frá því í stuttu máli som gerðist.

Raðað var endanilega niður dómurum á hvern cinstakan leik. Var síðan skipst á skoðunum varðandi túlkun laganna og kom þar fátt nýtt frám, en þó nokkur atriði, sem skýrðust og kom þetta sér sérstaklega vel fyrir okkar dómara.

Annar fundur var svo haldinn daginn eftir, 14. apríl, og voru þá mættir auk þeirra, sem voru á fyrri fundinum, þeir Lennart Rörgren, Svíþjóð og Sten Evju, Noregi. Var nú haldið áfram að ræða um körfuknattleiksreglurnar og annað í sambandi við dóm í körfuknattleik. Urðu umræður allt fjörugar og kom ýmislegt frá, sem áthygglisvert er.

Lagá- og leikreglnanefnd var gefin lítil bók, sem sánska sambandið hefur gefið út, um "dómaratækni", og væri nauðsynlegt að gefa út samskonar kver hér.

Ímislegt:

Þyddar hafa verið leiðbeiningar til körfuknattleiksdómara og verða þær fjörlitaðar á næstunni og sendar starfandi körfuknattleiksdómurum.

KKÍ var boðið að senda dómará á námskeið fyrir alþjóðadómara, sem haldið var í Sviss. Enginn íslenzkur domar fór á námskeiðið að bessu sinni, en vinna verður að því, að við eignumst alþjóðadómara, sem allra fyrst,

Dómaráskortur er aðal vandamál nefndarinnar og þrátt fyrir dómaránámskeið virðist ávallt vanta dómará og er þetta vogná þess, að langflestir af starfandi dómurum eru einnig leikmenn og virðist sem flestir körfuknattleiksmenn, sem hætt að keppa, hætti um leið öllum afskiptum af körfuknattleik. Spurning er hvort við verðum ekki að taka upp launagreiðslur til dómará, og hafa þannig kerfi, að einhver ákveðinn hópur (t.d. 6-8 menn) verði valinn af lagá- og leikreglnanefndinni til að dæma í 1. deild, og yrði þeim greitt fyrir þá leiki, en ekki aðra leiki. Þessi hópur væri valinn árlega, en ef menn stæðu sig ekki vel að domi nefndarinnar félulu þeir niður úr þessum hóp, og aðrir yrðu valdir í staðinn, en til þess að haldá sæti sínu í þessum hóp, yrðu þeir einnig að dæma leiki í örðum flokkum en 1. deild. Með þessu myndi myndast samkeppni meðal dómará landsins, að komast í 1. hóp, og hefðu þá ungir dómarar citthvað að keppa að.

A vegum nefndarinnar fór dómarí á landsmót UMFÍ á Eiðum í júlí-mánuði og dæmdi þar 3 leiki. Samstarf var við KKDF við útvegun dómará á Íslandsmót og önnur mótt, sem haldin voru úti á landi.

Nefndin telur að endurskoða þurfi mótareglur KKÍ og væri æskilegt, að því verki verði lokið fyrir næsta Íslandsmót.

Íslandsmótið 1968,

Íslandsmótið, hið 17. í röðinni, var háð á tímabilinu 13. janúar til 17. mars. Var leikið í Laugárdalshöllinni, Hálogalandi, Íþróttahúsi Keflavíkurflugvallar, Íþróttasal Njarðvíkur, Íþróttasánum í Borgarnesi og í Íþróttaskemmunni á Akureyri, en þar var mótið sett og ennfremur keppt í Norðurlandsriðli II, deildar og heimaleikir Þórs í I. deild.

Sú nýjungvar á þessu Íslandsmóti, að verðlaunapeningar voru veittir í öllum aldursflokkum, en ekki aðeins í I. deild, eins og tíðkast hefir á undanförfnum árum. Ennfremur voru veitt sérstök verðlaun stigahæzta leikmenni I. deildar og þeim leikmenni sem bezta hittni hafði í vítaköstum, miðað við 20 tilraunir eða fleiri.

Íslandsmótinu hafa verið gerð góð skil í 4, tbl, Íþróttablaðsins 1968, og vísast til þess, Hinsvegar er talið rétt að tölfraðilegär upplýsingar um mótið, séu birtar í ársskýrslunni.

Íslandsmeistararar 1968:

I. deild KR

II. " í.S.

I. flokkur karla: í.R,

2. " " Árman

3. " " UMFS, Borgarnesi

4. " " K.F.R.

Meistaraflokkur karla I. deild:

KR	í.R	Pór	Arm.	KFR	ÍKF	Fyrri umf.	Seinni umf.	Samtals Skorun st.
X	64:54	62:50	70:46	89:56	82:49	367:255	10	363:284 10 730:539 20
KR	X	71:64	49:43	74:66	93:56	76:55		
54:64	X	61:47	67:58	81:65	57:43	320:277	8	326:280 8 646:557 16
í.R	64:71	X	73:52	64:52	75:57	50:48		
50:62	47:61	X	56:53	69:59	69:45	291:280	6	253:272 2 544:552 8
Pór	43:49	52:73	X	55:57	47:53	56:40		
46:70	58:67	53:56	X	46:49	35:36	238:278	0	291:281 6 529:559 6
Arm.	66:74	52:64	57:55	X	60:43	56:45		
56:89	65:81	59:69	49:46	X	54:56	283:341	2	279:320 4 562:661 6
KFR	56:93	57:75	53:47	43:60	X	70:45		
49:82	43:57	45:69	36:35	56:54	X	229:297	4	233:308 0 462:605 4
ÍKF	55:76	48:50	40:56	45:56	45:70	X		

ÍKF fellur niður í II. deild.

Meistaraflokkur karla II. deild:

Úrslit:

Norðurlandsriðill:

1. ÍMA (Akureyri)	2	2	0	82:55	4	stig
2. KA (Akureyri)	2	1	1	74:75	2	"
3. Tindastóll (Sauðárkrúki)	2	0	2	53:79	0	"

Suður- og Vesturlandsriðill:

1. íS	4	4	0	334:173	8	stig
2. Skárhéðinn	4	3	1	299:193	6	"
3. Breiðablik	4	2	2	172:247	4	"
4. Skállagrímur	4	1	3	188:261	2	"
5. Snæfell	4	0	4	155:274	0	"

Úrslitaleikur í.M.A - í.S. - 70:76

Í.S. flytst upp í I. deild.

1. flokkur karla,

Úrslit:

1. FR	4	3	1	228:187	6	stig
2. KR	4	3	1	184:157	6	"
3. IS	4	3	1	179:184	6	"
4. Ármann	4	1	3	138:171	2	"
5. IKF	4	0	4	112:142	0	"

Úrslit þriggja efstu liða:

FR - IS 55:35
FR - KR 58:35
KR - IS 38:29

Sigurvegari: FR.

2. flokkur karla;

Úrslit:

1. Ármann	3	3	0	131:80	6	stig
2. KR	3	2	1	136:99	4	"
3. FR	3	1	2	98:107	2	"
4. IKF	3	0	3	64:143	0	"

3. flokkur karla;

Úrlsit:

1. UMFS	4	4	0	166:115	8	stig
2. Ármann	5	3	2	176:109	6	"
3. FR	5	3	2	177:124	6	"
4. KR	5	2	3	148:140	4	"
5. KFR	4	1	3	102:133	2	"
6. IKF	3	0	3	6:154	0	"

4. flokkur karla;

Úrslit:

1. KFR	3	3	0	29:7	6	stig
2. FR	3	2	1	30:20	4	"
3. Ármann	3	1	2	20:44	2	"
4. KR	3	0	3	15:23	0	"

10 stigahæstu einstaklingar I, deildar:

1.	Pórir Magnússon,	KFR	10	leikir	237	stig	23,7	meðaltal
2.	Einar Bollason,	PÓR	10	"	190	"	19,0	"
3.	Kolbeinn Pálsson,	KR	10	"	146	"	14,6	"
4.	Birgir Jakobsson,	ÍR	10	"	144	"	14,4	"
5.	Guttormur Ólafsson,	KR	10	"	136	"	13,6	"
6.	Marinó Sveinsson,	KFR	9	"	122	"	13,5	"
7.	Agnar Friðriksson,	ÍR	10	"	129	"	12,9	"
8.	Birgir Örn Birgis,	Á	9	"	107	"	11,9	"
9.	Hallgrímur Gunnars.	Á	10	"	117	"	11,7	"
10.	Brynjólfur Markúss.	KR	10	"	109	"	10,9	"

VÍTAKÖST
20 skot eða meira.

		Skot	Hitt	%	Röð
Einar Bollason	PÓR	69	48	71.96	1
Pórir Magnússon	KFR	62	35	56.45	8
Anton Bjarnason	ÍR	58	25	43.10	16
Birgir Jakobsson	ÍR	52	30	57.69	6-7
Jón Helgason	ÍKF	52	26	50.00	11-12
Guttormur Ólafsson	KR	44	30	68.18	2
Birgir Örn Birgis	Á	37	19	51.35	10
Jón Friðriksson	PÓR	34	15	44.11	14
Sigurður Ingólfsson	Á	34	11	32.35	20
Kolbeinn Pálsson	KR	32	18	56.25	9
Friðþjófur Óskarsson	ÍKF	32	14	43.75	15
Sveinn Kristinsson	Á	30	19	63.34	4
Rúnar Vernharðsson	Á	30	14	46.66	13
Marinó Sveinsson	KFR	27	16	59.25	5
Kristinn Stefánsson	KR	26	17	65.38	3
Brynjólfur Markússon	KR	26	15	57.69	6-7
Hallgrímur Gunnarsson	Á	24	10	41.66	17
Magnús Jónatansson	PÓR	24	9	37.50	18
Sigurður Arnbjörnsson	ÍKF	24	5	20.83	21
Sigurður Örn Thorst.	KR	20	10	50.00	11-12
Agnar Friðriksson	ÍR	20	7	35.00	19

VÍTAKÖST
10-20 skot:

		Skot	Hitt	%
Reynir Óskarsson	ÍKF	10	9	90.00
Guðjón Helgason	ÍKF	18	15	83.33
Hjörður Hánsson	KR	16	12	75.00
Gunnar Gunnarsson	KR	18	13	72.22
Rafn Haraldsson	KFR	14	10	71.42
Sigmar Karlsson	ÍR	12	7	58.33
Sigurður Helgason	KFR	14	8	57.14
Þorsteinn Hallgrímss.	ÍR	16	9	56.25
Pétur Sigurðsson	ÞÓR	14	7	50.00
Einar Gunnarsson	ÍKF	14	7	50.00
Þorlákur Helgason	ÍR	16	8	50.00
Jón Sigurðsson	A	14	5	35.37
Kristinn Pálsson	A	18	6	33.33
Helgi Hólm	ÍKF	12	4	33.33
Grímur Valdimarsson	A	18	3	16.66

VÍTAKÖST - LIÐID ALLS:

	Skot	Hitt	%
KR	190	117	61.57
ÍR	200	99	49.50
ÞÓR	163	91	55.82
KFR	137	80	58.39
A	205	87	42.43
ÍKF	170	83	47.42

LEIKVÍTI:

	KR	ÍR	ÞÓR	KFR	A	ÍKF	Samtals leikbrot,
KR	F	21	20	12	11	18	
	S	22	12	19	13	19	167
ÍR	F	13	14	15	15	15	
	S	21	6	18	26	14	157
ÞÓR	F	25	15	17	20	11	
	S	16	11	11	13	24	152
KFR	F	16	21	19	23	21	
	S	23	28	17	19	22	209
A	F	18	21	25	14	6	
	S	24	14	20	12	16	170
ÍKF	F	26	26	19	11	18	
	S	20	28	13	24	25	210
Alls brotið á							
Liðum	202	207	165	153	183	166	

F- Fyrri leikur, S- Seinni leikur.

Skýrsla Útbreiðslunefndar KKÍ.

Útbreiðslunefnd KKÍ, var skipuð eftirfarandi mönnum:
Helgi Sigurösson, formaður,
Ásgeir Guðmundsson,
Sigurður P. Gislason.

Eins og fráum kemur í skýrslu nefndarinnar 1967, hefur oft verið rætt á fundum nefndarinnar, hvað hægt sé að gera til að útbreiða körfuknattleik á Íslandi.

Margar hugmyndir hafa komið fráum, og var ein þeirra um útgáfu fréttabréfs. Þessi hugmynd hefur nú orðið að raunveruleika, og hafa 4 tölublöö af Fréttabréfi K.K.Í. verið gefin út.

Tilgengurinn með útgáfu þessa fréttabréfs er m.a. sá, að veita þeim aðilum, sem vinna að eflingu körfuknattleiks á Íslandi, upplýsingar um þau mál, sem efst eru á baugi í heimi körfuknattleiksins.

Í fréttabréfinu hafa verið fastir þættir s.s., "Fréttir utan af landsbyggðinni", og "Það er gott að vita....".

Ein athyglisverðasta greinin, sem komið hefur í fréttabréfinu, er um "Litlu körfuna" (Mini Basket), en það er tegund körfuknattleiks, sem sniðin er fyrir börn. Hér er um mikilvægt verkefni að ræða fyrir næstu stjórn K.K.Í.

Fréttabréf K.K.Í. er ekki haft til sölu, en plastmappa með gyltu letri á kjöld, hefur verið sold á kostnáðarverði.

Tæknimerki K.K.Í.

Mikill áhugi hefur verið hjá skólaþólkum að vinna til tæknimerkja K.K.Í.

Reykjavíkaskóli, Hrútafirði, hefur sent skýrslu um próf fyrir tæknimerki K.K.Í., og kemur þar fram, að 29 nemendur og 1 kennari hafa lokið 1. stigi, þar af 4 stúlkur, 21 nemandi lauk 2. stigi, þar af 5 stúlkur, og 7 piltar luku 3. stigi.

Héraðsskólinn í Reykholti, segir í sinni ársskýrslu að körfuknattleikur hafi verið sú íþróttagrein, sem mest var stunduð. Þar voru 40 nemendur, sem luku 1. stigi, þar af 10 stúlkur.

A Ákureyri hefur mikið líf verið í ungu körfuknattleiksfólk, eins og sjá má af því, að 39 stúlkur og 84 piltar hafa náð 1. stigi, og 26 stúlkur og 36 piltar 2. stigi.

Það er leitt til þess að vita, hve íþróttafélögini í Reykjavík, hafa lítið sinnt tæknimerkjapráutunum.

Hraðmót U.M.S.B.,

Dagana 22. 3 '68 - 27. 3 '68, fór fram hraðmót í körfukmatt-leik að Reykholti, Leirá og Borgarnesi. Í mótinu kepptu 4 félög, sem sendu 15 lið. Keppt var um verðlaunagrip, sem K.K.I. gáf. Flest stig fékk Ungmennafélagið Skállagrimur þ.e. 26 stig og hlaut það verðlaunagripinn til eignar.

Bikarkoppni K.K.I.

Hinn 2. maí s.l. sendi Útbreiðslunefndin frá sér eftirfarandi bréf:

"Góðu sámherjar.

A stjórnarfundi K.K.I. hinn 26 f.m. kom frá tillaga um að fá umsögn félaganna og sambandanna um landið, hvort rétt þætti að gerá breytingar á fyrirkomulagi bikarkeppni K.K.I. og koma á í stað hennar t.d. bæjarkeppni.

Ef til vill mætti fá íþróttamenn blaða, útvarps og sjónvarps á hverjum stað, til þess að velja liðin?

Ástæðan fyrir því, að umræður hafa komið fram um breytingu á bikarkeppninni er m.a. sú, að þáttakán hefur ekki þótt nægilega góð og almenn.

Okkur þætti vænt um að fá álit ykkar um þetta mál sem allra fyrst,

Með íþróttakveðju,
Körfuknattleikssamband Íslands"

Einhverja hluta vegna kom ekkert svarbréf, sem varð til þess, að útbreiðslunefndin taldi sig ekki geta komið bikarkeppni 1968 í frámkvæmd með óbreyttu fyrirkomulagi.

Útbreiðslunefndin mun leggja fram tillögur um þetta mál á næsta bingi.

Lokaorð.

Mjög athyglisverö mál hafa komið fram á fundum nefndarinnar, en begær koma átti þessum málum í frámkvæmd virtist vanta frámkvæmdaðila og ef til vill einnig fjármagn.

Það er því mjög þýðingarmikið, að KKÍ ráði sem allra fyrst frámkvæmdastjóra, sem taki að sér frámkvæmd óleystra málá, jafnframt því að vera tengiliður milli stjórnar KKÍ og einstaklinga, félaga og sambanda um landið. Það eru til fjölmargir einstaklingar og félagsáamtök, sem vilja rétta körfuknattleiknum hjálparlið og sem hafa ekki látið til sín heyra. Til þessara aðila þarf að ná, en þetta dæmi og fjölmörg önnur, sýna fráum á það, að frámkvæmdastjórn þarf að ráða.

Við náum engum árangri nema við vinnum og leggjum okkur fram til þess að ná honum.

1920-1921
1921-1922
1922-1923
1923-1924
1924-1925
1925-1926
1926-1927
1927-1928
1928-1929
1929-1930
1930-1931
1931-1932
1932-1933
1933-1934
1934-1935
1935-1936
1936-1937
1937-1938
1938-1939
1939-1940
1940-1941
1941-1942
1942-1943
1943-1944
1944-1945
1945-1946
1946-1947
1947-1948
1948-1949
1949-1950
1950-1951
1951-1952
1952-1953
1953-1954
1954-1955
1955-1956
1956-1957
1957-1958
1958-1959
1959-1960
1960-1961
1961-1962
1962-1963
1963-1964
1964-1965
1965-1966
1966-1967
1967-1968
1968-1969
1969-1970
1970-1971
1971-1972
1972-1973
1973-1974
1974-1975
1975-1976
1976-1977
1977-1978
1978-1979
1979-1980
1980-1981
1981-1982
1982-1983
1983-1984
1984-1985
1985-1986
1986-1987
1987-1988
1988-1989
1989-1990
1990-1991
1991-1992
1992-1993
1993-1994
1994-1995
1995-1996
1996-1997
1997-1998
1998-1999
1999-2000
2000-2001
2001-2002
2002-2003
2003-2004
2004-2005
2005-2006
2006-2007
2007-2008
2008-2009
2009-2010
2010-2011
2011-2012
2012-2013
2013-2014
2014-2015
2015-2016
2016-2017
2017-2018
2018-2019
2019-2020
2020-2021
2021-2022
2022-2023
2023-2024
2024-2025
2025-2026
2026-2027
2027-2028
2028-2029
2029-2030
2030-2031
2031-2032
2032-2033
2033-2034
2034-2035
2035-2036
2036-2037
2037-2038
2038-2039
2039-2040
2040-2041
2041-2042
2042-2043
2043-2044
2044-2045
2045-2046
2046-2047
2047-2048
2048-2049
2049-2050
2050-2051
2051-2052
2052-2053
2053-2054
2054-2055
2055-2056
2056-2057
2057-2058
2058-2059
2059-2060
2060-2061
2061-2062
2062-2063
2063-2064
2064-2065
2065-2066
2066-2067
2067-2068
2068-2069
2069-2070
2070-2071
2071-2072
2072-2073
2073-2074
2074-2075
2075-2076
2076-2077
2077-2078
2078-2079
2079-2080
2080-2081
2081-2082
2082-2083
2083-2084
2084-2085
2085-2086
2086-2087
2087-2088
2088-2089
2089-2090
2090-2091
2091-2092
2092-2093
2093-2094
2094-2095
2095-2096
2096-2097
2097-2098
2098-2099
2099-20100

FRA 14/11 1967 TIL 25/10 1968.

Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	Kr.	55,000,00
Skatthluti 1967 og 1968	"	11,200,00
Kennslustyrkur	"	1,389,60
Styrkir frá Öðrum aðilum	"	51,000,00
Tekjur af bikarkeppni 1967	"	2,400,00

Polar Cup:

Aðgängseyrir	Kr.	256,275,00
Frá útværpi og sjónvarpi	"	20,000,00
Tekjur af leikskrá	"	10,570,00
Seld merki og oddfánar	"	14,120,00

Kr. 300,965,00

Húsaleiga	Kr.	69,112,50
Dyravárzlá	"	2,500,00
Hluti ÍBR af aðgangse.	"	22,974,75
Gisting og uppihald ..	"	61,969,00
Auglýsingar, oddfánar, merki o.fl.	"	61,270,00
Lúðrasveit	"	5,000,00
Kveðjuhóf	"	43,886,00
Akstur	"	10,253,00
Annar kostnaður	"	20,125,80
	"	297,091,05
	"	3,873,95

Kr. 124,863,55

THE
CATHOLIC
CHURCH
IN
THE
UNITED
STATES
OF
AMERICA

A
HISTORICAL
SKETCH
BY
JOHN
T. MCGRATH,
S.J.

PHILADELPHIA:
THE AMERICAN CATHOLIC BOOK PUBLISHING COMPANY,
1922.

H I N N 25. O K T Ó B E R 1968.

Skuldir:

Ýmsir skuldheimtumenn Kr. 168,093,10

Kr. 168,093,10

Reykjavík, 26. október 1968,

Þráinn Scheving (sign),

Við undirritaðir höfum endurskoðað framanskráðan rekstrar-
og efnahagsreikning pr. 25/10 1968, fyrir Körfuknattleikssamband
Íslands, og ekkert fundið athugavert,

Reykjavík, 1. nóvember 1968,

Gunnar Torfason (sign)

Pórir Guðmundsson (sign).

F J Á R H A G S Á E T L U N

K K f

1 9 6 8 - 1 9 6 9

Gjöld:

Landsliðsæfingar	Kr. 35,000,oo
Íslandsmót	" 160,000,oo
Pátttaka í Evrópumeistarakeppni landsl.	" 200,000,oo
Annar kostnaður	" 30,000,oo
	<hr/>
	Kr. 425,000,oo
	<hr/>

Tekjur:

Útbreiðslustyrkur	Kr. 55,000,oo
Skatthluti	" 6,000,oo
Íslandsmót	" 160,000,oo
Heimsókn Spartak Prag	" 10,000,oo
Aðrar tekjur	" 193,000,oo
	<hr/>
	Kr. 425,000,oo
	<hr/>